

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 39/98
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/19/EB frá 18. apríl 1997 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/221/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 70/221/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0019:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/19/EB frá 18. apríl 1997 (Stjtíð. EB nr. L 125, 16. 5. 1997, bls. 1).”.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 310, 19. 11. 1998, bls. 13 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 48, 19. 11. 1998, bls. 211.

⁽²⁾ Stjtíð. EB nr. L 125, 16. 5. 1997, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/19/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík E. Gerner